

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 19. janúar 2010 í máli nr. E-1438/2010:

Jens Guðmundur Jensson

og

Seaflower Ísland ehf.

(Baldvin Hafsteinsson hrl.)

gegn

Björgvini R Kjartanssýni,

Sebastes ehf.,

Bjarna Thorarensen Jónssýni,

og

Hamrafelli ehf.

(Magnús Helgi Árnason hdl.)

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar hinn 17. desember sl., að loknum munnlegum málflutningi, var höfðað fyrir dómþinginu af Jens Guðmundi Jenssýni og Seaflower ehf., á hendur Björgvini R. Kjartanssýni, Austurfold 4, Reykjavík, Bjarna Th. Jónssýni, Ytra- Garðshorni Dalvík, Hamrafelli ehf., Austurfold 4, Reykjavík, og Sebastes ehf., Austurfold 4, Reykjavík, með stefnu birtri 8. og 10. febrúar 2010.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að viðurkennt verði með dómi að kaupsamningur, dagsettur 3. nóvember 2008, þar sem stefndi, Sebastes ehf., selur Hamarsfelli ehf. skipið Skafta HF-48 skipaskrárnúmer 1337, verði dæmdur ógildur og að hlutafjánhækkun sem framkvæmd var í félaginu Sebastes hinn 3. nóvember 2008, þar sem hlutafé var hækkað um 200.000 krónur, verði dæmd ólögmet og lagt verði fyrir fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra að færa hlutafé félagsins aftur í það horf sem það var eða 500.000 krónur.

Þá krefjast stefnendur málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefndu.

Dómkröfur stefndu, Björgvins R. Kjartanssonar, Bjarna Th. Jónssonar, og Hamrafells ehf., eru þær aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda auk málskostnaðar úr hendi stefnanda, þ.m.t. virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Af hálfu stefnda, Sebastes ehf., var ekki sótt þing. Málið var flutt um frávísunarkröfu stefndu hinn 17. desember sl., og er einungis sá þáttur málsins til meðferðar hér.

Dómkröfur stefnanda í þessum þætti málsins eru þær að frávísunarkröfu stefndu verði hrundið en auk þess krefjast þau málskostnaðar úr hendi stefndu.

Gætt var ákvæða 115. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, áður en dómur var kveðinn upp.

II

Málavextir eru þeir, að með stofnsamningi sem undirritaður var hinn 4. maí sl., stofnuðu aðilar fyrirtækið Sebastes ehf. í þeim tilgangi að hafa með höndum eignarhald á togaranum Skafta hf.-48, sem hét áður Sléttunes HF.-808. Stofnendur voru stefnendurnir, Seaflower á Íslandi ehf. með 40% eignarhlut, Jens Guðmundur Jensson með 20% eignarhlut og stefndi, Hamrafell ehf., með 40% eignarhlut. Skipið var leigt Hamrafelli ehf. sem tók að sér útgerð þess ásamt öllu viðhaldi og rekstri. Samkvæmt leigusamningi dagsettum 23. nóvember 2006 var skipið leigt leigutaka tímabundinni leigu frá 24. nóvember 2006 og átti hún að renna út hinn 24. nóvember 2010. Í 2. gr. samningsins var kveðið á um það að leigusala væri óheimilt að selja skipið meðan á leigutíma stæði. Í 4. gr. samningsins, sem ber yfirskriftina „ástand hins leigða“ var jafnframt tekið fram að leigutaki hefði tekið skipið út og lagt út fyrir viðgerðarkostnaði.

Samkvæmt leigusamningnum átti leigutaki að greiða 1 krónu fyrir hvert landað kg af fiski. Stefnendur kveða að aldrei hafi verið boðað til hluthafafundar í félaginu til þess að fara yfir stöðu mála eða rekstur félagsins eða til að leggja fyrir félagsmenn ársreikninga þess. Á vormánuðum 2009, segjast stefnendur hafa komist að því að gengið hafi verið frá kaupsamningi þar sem togarinn Skafti HF.-48 hafi verið seldur leigutakanum á 48 milljónir króna. Hafi þá strax verið leitað upplýsinga frá fyrirtækjaskrá og samkvæmt upplýsingum þaðan hafi komið í ljós, að á hluthafafundi 28. janúar 2008 hafi verið upplýst að viðskiptaskuld leigusala við leigutaka hafi stefnt í 40-50 milljónir króna án þess að nánari grein hafi verið gerð fyrir því með hvaða hætti sú viðskiptaskuld hafi stofnast. Þá hafi á sama fundi verið lagt til að gengið yrði að tilboði leigutakans um kaup á togaranum. Samkvæmt sömu upplýsingum komi fram, að á stjórnarfundi sem haldinn hafi verið hinn 3. nóvember 2008, hafi verið samþykkt að auka hlutafé félagsins, en öðrum hluthöfum en stefnda, Hamrafelli, ekki gefinn kostur á að neyta

forkaupsréttar að tiltölu. Stefnendur staðhæfa að þeir hafi aldrei fengið boð um þessa fundi eða tilkynningu um að til stæði að selja skipið.

Stefnendur benda á að stefndu, Björgvin og Bjarni, séu hvor um sig stjórnarmenn í stjórnnum beggja félaganna. Þeir hafi því haft beinan hag af því að selja stefnda, Hamrafelli ehf. skipið, en Hamrafell ehf. sé félag í þeirra eigu og hafi þeir því í raun verið að semja við sjálfa sig um yfirfærslu á eignarrétti á togaranum Skafta HF. 48. Telja stefnendur báða gerningana svo og það hvernig að ákvörðunum hafi verið staðið vera alvarlegt brot á lögum um einkahlutafélög. Því sé þeim, sem hluthöfum í Sebastes ehf., nauðsynlegt að bera umræddar ákvarðanir undir dómstóla og freista þess að fá báðum gerningunum hnækkt til þess að tryggja hagsmuni sína og félagsins um áframhaldandi rekstur. Þá áskilja þeir sér rétt til að krefjast þess að fram fari óháð rannsókn á bókhaldi og reikningum félagsins Sebastes ehf.

Í lýsingu stefndu á málsatvikum kemur fram, að aðeins einn hluthafi félagsins Sebastes ehf. hafi greitt félaginu hlutafé, í samræmi við stofnsamning þess, en það sé félagið Hamrafell ehf. Hamrafell ehf. hafi lánað félaginu Sebastes ehf. peninga til greiðslu umsamins kaupverðs, 12.000.000 króna, við sölu skipsins Sléttaness HF.808, síðar Skafta HF-48 frá Oson ehf. til félagsins Sebastes ehf. Stefnu kveða stefnandann, Jens Guðmund Jensson, hafa veitt stefnda, Björgvini Kjartanssyni, umboð. Umboðið sé dagsett 28. janúar 2007. Samkvæmt umboðinu hafi stefndi, Björgvin, haft fullt og ótakmarkað umboð til þess að mæta á hluthafafundi í félaginu Sebastes ehf. og fara með atkvæði umboðsveitanda og gæta hagsmuna umboðsveitanda. Þá komi fram að allt sem Björgvin geri varðandi boðun hluthafafunda, mætingu á hluthafafundi og meðferð atkvæða skuli vera eins og umboðsveitandi, Jens Guðmundur Jensson, hafi það gert. Stefnu, Björgvin, hafi mætt á hluthafafundi í félaginu Sebastes ehf. í umboði stefnanda, Jens Guðmundar Jenssonar.

Stefnu kveða félagið Hamrafell ehf. og Björgvin Kjartansson hafa, með umboði frá stefnanda, Jens Guðmundi Jenssyni, ráðið 60% eignarhlut í félaginu Sebastes ehf. á hluthafafundum. Boðun á ofangreinda hluthafafundi hafi verið í samræmi við lög og samþykktir félagsins Sebastes ehf. og hafi hluthafinn og stefnandi, Seaflower Ísland ehf., verið boðaður á fundi með ábyrgðarbréfum, þar sem útilokað hafi verið að ná símasambandi við forsvarsmenn þess félags, Þorvald Jón Ottósson. Fundarboð í ábyrgðarbréfum hafi verið send stefnanda, Seaflower á Íslandi ehf., á skráð lögheimili félagsins í nóvember 2007 og janúar 2008.

Hluthafarnir, Hamrafell ehf. og Björgvin Kjartansson, í umboði Jens Guðmundar Jenssonar, hafi á engan hátt brotið gegn hagsmunum félagsins Sebastes ehf. Engar ráðstafanir hafi verið gerðar sem til þess hafi verið fallnar að afla stefndu ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins. Félagið Hamrafell ehf. hafi tapað umtalsverðum peningum á eignarhaldi á 40% eignarhluta í félaginu Sebastes ehf., sem félagið hafi borið og sannarlega séu í reikningum félagsins, án þess að krefja aðra hluthafa eða félagið Sebastes ehf. um endurgreiðslu þess tjóns. Söluverð skipsins Skafta HF-48 í nóvember 2008 hafi verið í samræmi við metið verðmæti skipsins, en skipið hafi verið metið af löggiltum skipasala í nóvember 2008. Hafi sú matsgerð legið fyrir við sölu skipsins.

IV

Stefnendur byggja kröfu sína á því að þær ráðstafanir sem deilt sé um séu með öllu ólögmætar auk þess sem að ákvörðununum hafi verið staðið með ólögmætum hætti og því beri að ógilda þær með dómi.

Stefnendur byggja kröfu sína um ógildingu á kaupsamningi um Skafta HF-48, á því, að þeir séu eigendur að 60% eignarhlut í félaginu Sebastes ehf. á móti 40% eignarhlut stefnda, Hamrafells ehf., sem jafnframt hafi verið leigutaki skipsins. Í stjórnnum félaganna hafi setið Bjarni Thorarensen Jónsson sem stjórnarformaður í Hamrafelli ehf. og stefndi Björgvin R. Kjartansson stjórnarmaður í Sebastes ehf. hafi verið framkvæmdastjóri Hamrafells ehf. Meðstjórnandi í báðum félögunum hafi verið Ólöf Laufey Sigurþórsdóttir, eiginkona stefnda, Björgvins. Vegna þessara nánú tengsla milli félaganna hafi stefndu verið með öllu óheimilt að gera kaupsamning um togaran Skafta HF-48, án samþykkis annarra hluthafa í félaginu Sebastes. Stefnendur hefðu aldrei samþykkt söluna þó svo að óskað hefði verið eftir því. Salan hafi þannig verið ákveðin af minnihluta eigenda í félaginu og án nokkurs samráðs við meirihlutann. Benda stefnendur í þessu sambandi á ákvæði 48. gr., 51. gr. og 52. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Á grundvelli 2. tl. 52. gr. laganna sé samningurinn óskuldbindandi fyrir félagið enda hafi þeir er að kaupsamningnum hafi staðið farið út fyrir þær heimildir sem stjórnarmönnum og framkvæmdastjórn séu settar með lögum um einkahlutafélög og hafi viðsemjendum þeirra mátt vera það ljóst.

Stefnendur hafi aldrei verið boðaðir til hluthafafundar í félaginu til þess að ræða stöðu félagsins og meint tilboð leigutaka um kaup á togaranum Skafta hf. Þá draga stefnendur í efa að fundur sá sem sagður er hafa verið haldinn 28. janúar 2008 hafi farið fram. Jafnvel þótt umræddur fundur hafi verið haldinn séu allar ákvarðanir sem þar hafi verið teknar ógildar, samkvæmt 70. gr. laga nr. 138/1994, þar sem þær hafi verið sérstaklega til þess fallnar að afla ákveðnum hluthöfum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað stefnenda. Stefndu hafi þannig á ólögmætan hátt slegið eign sinni á skipið en skilið skuldir vegna reksturs skipsins eftir í félaginu.

Kröfu sína um ógildingu á hlutfjárhækkun í félaginu, sem tekin hafi verið á fundi stjórnar hinn 3. nóvember 2008, byggja stefnendur á því að það sé eingöngu hluthafafundur sem geti tekið ákvörðun um hækkun hlutfjár, sbr. 23. gr. laga um einkahlutafélög. Þá segi jafnframt í 5. gr. samþykkt félagsins að til hækkunar á hlutfé þurfi samþykki aukins meirihluta hluthafa eða 2/3 hluta, sbr. 22. gr. samþykktanna. Þar að auki eigi hluthafar forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutfjáreign sína. Ljóst sé, að umrædd hlutfjárhækkun hafi hvorki verið borin undir hluthafafund né hafi ákvæði um forgangsrétt hluthafa verið virt. Samkvæmt sömu rökum sé þessi hækkun hlutfjár því með öllu ólögmæt og sé stefnendum nauðsynlegt að fá það staðfest með dómi og hækkunina fellda úr gildi.

Stefnendur kveða málshöfðunarfrest í máli þessu vera óháðan ákvæði 2. mgr. 71. gr. laganna en að líta beri til ákvæða 3. mgr. 71. gr. þeirra. Þá sé mál þetta höfðað á hendur stefndu persónulega þar sem þeir hafi farið út fyrir heimildir sínar samkvæmt lögum og samþykktum félagsins og beri þeim að sæta persónulegri ábyrgð á því tjóni sem athafnir þeirra kunni að hafa bakað stefnendum.

Um lagarök vísa stefnendur til almennra reglna félagaréttarins og laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

Kröfu um málskostnað byggja stefnendur á 129. gr. og 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

IV

Stefndu byggja kröfu sína um frávísun á því að stefnendur hafi ekki sýnt fram á að þeir hafi hagsmuni af því að fá ógiltan umræddan kaupsamning. Ekkert liggi fyrir er bendi til þess að stefnendur hafi orðið fyrir tjóni eða hvaða aðra hagsmuni þeir geti haft af því að fá kaupsamninginn ógiltan, þar sem andlag kaupsamningsins sé skip, sem í janúar 2010 hafi verið selt til niðurrifs.

Í stefnu sé í engu vikið að því að sala skipsins Skafta HF-48 hafi verið félaginu Sebastes ehf. til tjóns. Í stefnu sé ekki að því vikið hvaða hagsmuni stefnendur vilji tryggja með því að ógilda umræddan kaupsamning. Stefnandinn, Jens Guðmundsson, hafi með stefnu afturkallað ofangreint umboð og ásamt Seaflower Íslandi ehf. geti stefnendur krafist þess með vísan til XI. kafla laga nr. 138/1994, að boðað verði til hluthafafundar í félaginu Sebastes ehf. Að því loknu hafi stefnendur heimild til þess að óska eftir skipun rannsóknarmanna er leitt geti í ljós hvort ávirðingar þær sem stefnendur saki stefndu um eigi við rök að styðjast. Eins og mál þetta sé upp byggt af stefnendum hafi stefnendur ekki lögvarða hagsmuni af ógildingu kaupsamningsins.

Þá vísa stefndu til þess að afsal fyrir skipinu Skafti HF-48, hafi verið gefið út 23. desember 2008. Stefnendur geri ekki kröfu til þess í stefnu að afsal verði ógilt. Verði því ekki séð hvaða þýðingu ógilding kaupsamnings hafi á gildi eignarheimildar samkvæmt afsali.

Stefndu telja stefnendur ekki hafa sýnt fram á það í stefnu að stefnendur hafi einhverja hagsmuni af lækkun hlutfjár. Ekkert liggi fyrir í stefnu er skýri hvaða lögvörðu hagsmuni stefnendur hafi af því að ógilda ákvörðun um hækkun hlutfjár í félaginu Sebastes ehf. úr 500.000 krónum í 700.000 krónur. Félagið Sebastes ehf. sé í bókum félagsins án eigna og án skulda og félaginu hafi verið slitið á grundvelli 83. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

Í stefnu sé í engu vikið að því að hækkun hlutfjár hafi verið félaginu Sebastes ehf. og þar með stefnendum sem hluthöfum þess félags til tjóns, enda bendi allt til þess að hækkun hlutfjár í félaginu og sala þeirra bréfa til félagsins

Hamrafells ehf. hafi verið gerð í þeim tilgangi að jafna út kröfur félagsins Hamrafells ehf. á félagið Sebastes ehf., án greiðslu til Hamrafells ehf. Stefnandi, Jens Guðmundur, sem hafi með stefnu afturkallað ofangreint umboð og ásamt Seaflower Íslandi ehf. geti krafist þess með vísan til XI. kafla laga nr. 138/1994 að boðað verði til hluthafafundar í félaginu Sebastes ehf. og síðan óskað eftir skipun rannsóknarmanna er leitt geti í ljós hvort hækkun hlutafjár í félaginu hafi valdið stefnendum tjóni. Eins og mál þetta sé lagt fyrir sé ekkert sem bendi til þess að stefnendur hafi lögvarða hagsmuni af ákvörðun um lækkun hlutafjár í félaginu Sebastes ehf.

Um lagarök vísa stefndu til laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, laga nr. 50/2000, um lausafjárkaup, almennra reglna samningaréttar og laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Kröfu um málskostnað byggja stefndu á XXI. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun byggja stefndu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Stefnandi hafnar öllum rökum stefnda um frávísun málsins. Kröfugerð hans sé skýr og klár og engir formgallar séu á málinu. Tildrögum málhöfðunarinnar séu gerð skil í stefnu og hafi stefnendur því lögvarða hagsmuni af að fá úr því skorið hvort stefndu hafi haft af þeim eignir með ólögsmætum hætti.

V

Í máli þessu krefjast stefnendur þess annars vegar að ógiltur verði með dómi kaupsamningur, dagsettur 3. nóvember 2008, þar sem einn stefnda, Sebastes ehf., seldi öðrum stefnda, Hamrafelli ehf., skipið Skafta HF-48 og hins vegar að hlutafjárhækkun í félaginu Sebastes um 200.000 krónur, sem ákveðin var sama dag, verði dæmd ólögsmæt og lagt verði fyrir fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra að færa hlutafé félagsins aftur í fyrra horf. Í því skyni hafa stefnendur stefnt tveimur fyrri stjórnarmönnum í stefnda, Sebastes ehf. og stefnda, Hamrafelli ehf., sem og þeim félögum báðum.

Óumdeilt er að stefndi Sebastes ehf. seldi skipið Skafta HF-48 félaginu Hamrafelli ehf., öðrum stefnda, með kaupsamningi dagsettum 3. nóvember 2008. Einnig liggur fyrir í málinu að afsal vegna þeirra kaupa var gefið út í desember 2008. Þar sem þegar hefur verið gefið út afsal fyrir skipinu verður ekki séð að niðurstaða um ógildinguna á kaupsamningi myndi ein út af fyrir sig leiða til málaloka um sakarefnið og yrði því ekki endir þrætu aðila. Þá hafa stefndu haldið því fram að í janúar 2010 hafi umrætt skip verið selt til niðurrifs. Samkvæmt því er því andlag umdeilds kaupsamnings ekki lengur til og verður því ekki skilað til stefnenda ef fallist yrði á að kaupin skyldu vera ógild, en krafa stefnenda er ekki byggð á því að þeir hafi orðið fyrir tjóni vegna sölunnar. Þá verður ekki séð af

málatilbúnaði stefnenda í stefnu á hvaða grundvelli stefndu, Björgvini og Bjarna, er stefnt til að þola ógildingarkröfu kaupsamnings milli hinna tveggja stefndu fyrirtækja, en krafa stefnenda er ekki bótakrafa. Þegar framangreint er virt verður því að telja að krafa stefnenda, eins og hún er fram sett, sé í andstöðu við skilyrði 25. gr. og 4. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Þá liggur fyrir í málinu að félaginu Sebastes ehf. var slitið á grundvelli 83. gr. laga nr. 138/1994, og það afskráð úr fyrirtækjaskrá. Er það félag því ekki lengur til. Í ljósi þess, og eins og krafa stefnenda er úr garði gerð, verður ekki séð að stefnendur hafi lögvarða hagsmuni af því að leita niðurstöðu um að hlutafjárhækkun í félaginu á árinu 2008 hafi verið ólögmæt.

Samkvæmt öllu framansögðu verður því fallist á kröfu stefndu, Björgvins R. Kjartanssonar, Bjarna Th. Jónssonar og Harmafells ehf., um að vísa beri kröfum á hendur þeim frá dómi. Þá ber með vísan til 16. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, að vísa kröfum á hendur stefnda, Sebastes ehf., frá dómi ex officio.

Eftir þessari niðurstöðu ber að úrskurða stefnendur til þess að greiða stefndu, Björgvini R. Kjartanssyni, Bjarna Th. Jónssyni, og Hamrafelli ehf., málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 200.000 krónur og hefur þá ekki verið litið til virðisaukaskattsskyldu stefndu. Málskostnaður milli aðila fellur að öðru leyti niður.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnendur, Jens Guðmundur Jensson og Seaflower ehf., greiði in solidum stefndu, Björgvini R. Kjartanssyni, Bjarna Th. Jónssyni, og Hamrafelli ehf., 200.000 krónur í málskostnað.

Hervör Þorvaldsdóttir.